

Því hugsunin er altaf blátt áfram og látlaus. En hitt er satt að málið er ekki afínlega sem liprast. Setningarnar virðast stundum vera óþarflega flóknar, og orðaskipunin frábrugðnari því sem hún er í vanalegu máli en nauðsynlegt væri rúmsins vegna. Einnig koma stöku sinnum fyrir orð, sem beínlínis láta illa í eyrum.

Þegar dæmt er um skáldskap á ekki að dæma um skoðanir skáldsins, einsog þær sjálfar væru skáldskapurinn. Þeir sem vilja kynna sér skoðanir Stepháns vel, geta gert það með því að lesa kvæði hans með athygli. Það er aðeins eitt sem hér skal tekið fram þeim viðvíkjandi: þær eru frjálsar og þróttmiklar. Þegar maður kynnist þeim, gægist upp í huga manns sú hugsun, að sá maður, sem þær hefir hljóti að vera meira en meðalmaður í hverju sem er; og að vera meira en meðalmaður í erfiðum lífskjörum er að vera mikilmenni.

Vonandi á þetta vestur-íslenzka stór skáld eftir að yrkja mikið ennþá. Ljóð hans verða öllum íslenzkum bókmenta vinum æ velkomin og betri viðurkenningu en þá getur ekkert íslenzkt skáld fengið.

---

Guttormur J. Guttormsson: Jón Austfirðingur, Winnipeg, prentsniðja Ólafs S. Thorgeirssonar, 1909.

Jón Austfirðingur er saga í ljóðum. Í henni er sagt frá íslenzkum bónda, sem selur óðal sitt heima á Íslandi, flytur vestur um haf og sezt að í Nýja-Íslandi. Fyrst er kringumstæðum Jóns á Íslandi lýst, svo boðskap vesturferða agentsins, vesturferðinni og landnáminu, síðan er sagt frá ýmsum óhöppum, sem hann verður fyrir og óförum dóttur hans í Winnipeg, og að síðustu frá því að Jón tekur dótturson sinn munaðarlausan heim til sín, er bætir honum að nokkru öll þau vonbrigði, sem hann hefir orðið fyrir.

Sagan er yfirleitt vel sögð og ekki óvíða koma ágæt tilþrif fyrir, sérstaklega þegar höfundurinn er að lýsa erfiðleikum landnámsmannanna, sem hann er vel kunnugur. Ekki er lýsingin á frelsi íslenzka sveitabóndans mjög náttúrleg þar sem honum er